

## Forsetningar (fs.)

Forsetningar eru smáorð sem stýra föllum. Með forsetningum standa ávallt fallorð í **aukafalli** og forsetningin stýrir fallinu. Dæmi: Helga talaði **um** bílinn.

Augljóst er að bílinn er fallorð í þolfalli. Um er hins vegar óbeygjanlegt orð sem stýrir fallinu á bílinn. **Um** er þess vegna forsetning.

Forsetningar eru einu smáorðin sem stýra föllum ef frá eru talin nokkur atviksorð. Við segjum að forsetningar stýri falli vegna þess að þær beina fallorðunum inn í ákveðin föll. Þannig notum við alltaf forsetningar til að finna aukaföllin. Við notum **um** til að finna þolfall, **frá** til að finna þágufall og **til** þegar við ætlum að finna eignarfall.

### Helstu forsetningar eru:

með þolfalli: **um, gegnum, kringum, umfram, umhverfis** o.fl.

með þágufalli: **frá, að af, hjá, úr, andspænis, ásamt, gagnvart, gegn, gegnt, handa, mót, móti, undan** o.fl.

með eignarfalli: **til, auk, án, meðal, milli, millum, sakir, sökum, vegna, handan** o.fl.

Nokkrar forsetningar stýra bæði **þolfalli** og **þágufalli**: **á, eftir, fyrir, í, með, undir, við, yfir**.

Forsetning stendur oftast næst á undan því fallorði sem hún stýrir. *Hann gekk **yfir götuna**.* Stundum bregður út af þessu. *Hann stóð **fyrir** aftan mið. Þess **vegna** kom ég.*

Forsetning getur stýrt falli á fleiri en einu orði. *Stína er í fallegum kjól.*

Forsetning ásamt fallorði sínu er nefnd einu nafni forsetningarliður. Forsetningar eru einu smáorðin sem stýra föllum ef frá eru talin nokkur atviksorð. Ef forsetning hættir að stýra falli, þ.e. fallorð hennar fellur brott, verður hún yfirleitt að atviksorði.

1. Þrjár forsetningar eru notaðar sem hjálparorð við fallbeygingu aukafalla.  
Hvaða forsetningar eru það?

---

2. Feitletruðu orðin eru ýmist sagnorð eða forsetningar. Flokkaðu.

**Fyrir** viku **átti** Jón afmæli. Hann **bauð** fimm krökkum heim til sín. Þau **mættu** í sínu fínasta þússi **með** gjafir **handa** honum. Í afmælinu **hlustuðu** þau á nýja geisladiskinn sem Jón **fékk** frá Dóru.

Sagnorð: \_\_\_\_\_

Forsetningar: \_\_\_\_\_

3. Í textanum eru fimm forsetningar. Gerðu hring um þær.

Ég er mikið fyrir ost sagði amma og stakk bita upp í sig. Afi hlustaði og sagði að hún safnaði bara á sig spiki ef hún færi ekki að minnka ostátið. Hugsa þú um þig svaraði amma og ýtti ostdiskinum til hans.

4. Flokkaðu forsetningarnar eftir því hvaða falli þær stýra. Stýri þær tveimur föllum setur þú þær í báða flokka.

frá, án, að, til, af, fyrir, með, gegnum, handa, meðfram, fram, yfir, við, milli, um, vegna, hjá, umhverfis, neðan, andspænis, kringum, móti, ofan, utan

Þolfall \_\_\_\_\_

Þágufall \_\_\_\_\_

Eignarfall \_\_\_\_\_

5. Eftirfarandi forsetningar stýra tveimur föllum, þolfalli og þágufalli. Búðu til setningar þar sem þessi tvö föll koma fram.

eftir \_\_\_\_\_  
eftir \_\_\_\_\_  
fyrir \_\_\_\_\_  
fyrir \_\_\_\_\_  
undir \_\_\_\_\_  
undir \_\_\_\_\_  
með \_\_\_\_\_  
með \_\_\_\_\_  
yfir \_\_\_\_\_  
yfir \_\_\_\_\_

6. Gerðu hring utan um forsetningarnar í textanum og láttu ör benda á orðið sem hún stýrir.

Mér var boðið á rúntinn um helgina. Hann keypti kjól handa unnustu sinni. Voruð þið að tala um Örn Arnar? Náðu í körfuna sem er við lyftuna. Getur María komið með okkur? Hópurinn gekk umhverfis vatnið á mettíma. Við göngum kringum jólatréð hver einustu jól. Krakkarnir léku sér milli húsanna. Skyndilega stóðum við andspænis hvort öðru. Með þessu áframhaldi verðum við vel umfram áætlaðan tíma. Vegna anna hef ég ekki náð að panta bókina. Það er ósanngjarnt gagnvart henni. Mér finnst best að hlaupa undan vindi. Vatn er best með mat. Komdu eftir hádegi og þá getum við gengið meðfram ánni.

7. Strikaðu undir forsetningarliði (þ.e. forsetningarnar í textanum og orðin sem standa með þeim).

Í vor tók ég ti fyrir ömmu mína. Vegna slæms handleggsbrots átti hún erfitt með að beita hendinni. Hún gáði ekki að sér í páskahretinu og féll á þykkri klakahellu beint á götuna. Af óviðráðanlegum orsökum get ég ekki farið til Danmerkur í sumar. Erna og

Oddur hafa auk þriggja annarra gengið á Hvannadalshnúk í mörg ár. Næst er stefnan tekin á stærri fjöll í sunnanverðri Evrópu. Ég get ekki sagt til um hvort ég komist á þessum tíma. Ég fór úr grænu peysunni sem mamma þrjónaði handa mér og skildi hana eftir hjá töskunni minni. Komdu til Eggerts. Hann býr við Skuldarstíg, húsið hans er rautt með grænum gluggum.

## 8. Settu forsetningarnar að og af inn í eyðurnar.

Varstu búin að leita \_\_\_\_\_ hjólinu þínu? Mér var ýtt \_\_\_\_\_ Pétri og féll í götuna. Arnar fékk illt í magann \_\_\_\_\_ prófum loknum. Það var \_\_\_\_\_ einskæru hugsunarleysi. \_\_\_\_\_ gefnu tilefni minni ég á gönguna. Ég gáði ekki \_\_\_\_\_ mér og datt niður hlíðina. Skarphéðinn hringdi \_\_\_\_\_ fyrra bragði. Hefur þú gaman \_\_\_\_\_ dýrum? Ég myndi huga \_\_\_\_\_ krökkunum áður en þau fara sér \_\_\_\_\_ voða.